

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SALA OG SÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi

Erindi nr. P 127/117

komudagur 15.11.2001

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.11.2001

Tilv. 12.103

GÁS/gás

Samtök verslunarinnar - FÍS leyfa sér að gera athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhliðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, 114. mál, sem er til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Samtökin fagna frumvarpinu og telja að í aðalatriðum muni þessar skattabreytingar verða atvinnulífínu til farsældar en þykir ástæða til að gera neðangreindar athugasemdir.

1. Tekjuskattur. Ástæða er til að fagna lækkun tekjuskatts á fyrirtæki. Lækkunina verður þó að skoða í samhengi við afnám verðbólgu-reikningsskila.
2. Verðbólgu-reikningsskil. Í frumvarpinu er lagt til að verðbólgu-reikningsskil verði aflögð í því samhengi verður að minna á að þegar þau voru tekin upp hér á landi þótti hér um verulegt framfaraspur að ræða í gerð ársreikninga og reikningsskilafræðum. Ástæðan var fyrst og fremst sú að með verðbólgu-reikningsskilum skattalaganna og síðar með "frávikaðferðinni" töldu menn að afkomumælingar í rekstrarreikningi væru nákvæmari en áður og eignamat í efnahagsreikningi réttara. Fræðimenn hafa bent á að verðbólga þurfi ekki að vera mjög há til þess að brengla þá mynd sem rekstrarsreikingur gefur af rekstri fyrirtækja og efnahag. Því er þessi aðferð réttlætunleg, einnig við lága verðbólgu. Vissulega hafa ýmsir átt erfitt með að skilja verðbreytingafærslur í ársreikningi en flestir hafa þó haft góðan skilning á endurmati fastafjármuna í efnahagsreikningi.
3. Eignarskattur. Samtökin telja að fella megri eignarskatt fyrirtækja niður með öllu í stað þeirrar lækkunar sem lögð er til í frumvarpinu. Eignarskattur er ósanngjarn, tíðkast ekki annars staðar og eykur skattbyrði fyrirtækja með óeðlilegum hætti.
4. Tryggingagjald. Hækkun tryggingagjalds er mótmælt. Hér er um að ræða skatt sem lagður er á miðað við launagreiðslur fyrirtækja. Fullyrða má að launagreiðslur í verslun séu stór hluti greiddra launa í þjóðfélaginu og leggst þessi hækkun því þyngra á verslunarfyrirtæki.



5. Afskriftareglur. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á afskriftareglum. Í ljósi þess að lagt er til að verðbólgu-reikningsskil skattalaga verði aflögð er nauðsynlegt að gjörbylta afskriftareglum og hækka öll afskriftarhlutföll.


Spyrja má hvort ástæða sé til að víkja frá núgildandi reglum um línulegar afskriftir og taka upp breyttar afskriftareglur. Samtökin vonast til að nefndin taki þetta til alvarlegrar skoðunar. Lagt er til að afskriftir á tölvubúnaði verði hækkaðar í 33,3% og að heimilt verði að afskrifa tölvubúnað að fullu, þ.e.a.s. niður fyrir niðurlagsverð tölvubúnaðarins.

Samkvæmt gildandi skattalögum er heimilt að gjaldfæra rekstrarfjármuni að hámarki 128 þús. kr. Lagt er til að þessi upphæð verði hækkuð í 800 þús. kr. en í kr. 2. milljónir fyrir tölvubúnað.

Afskriftarhlutföll voru lækkuð fyrir u.þ.b. 15 árum. Í ljós hefur komið að þessar afskriftir endurspeglar í engu rýrnun fjármuna í rekstri fyrirtækja og því er nauðsynlegt sérstaklega vegna breytinga á verðbólgu-reikningsskilum að þessi hlutföll verði tekin til gagnsgerðar endurskoðunar.

6. Stimpilgjöld. Frumvarp þetta tekur ekki til afnáms eða lækkunar stimpilgjalds en heyrst hefur að til standi að lækka það. Samtökin telja að rétt sé að afnema stimpilgjald í áföngum. Samhliða því verði vörugjald lækkað. Ekki er unnt að gera greinarmun á þessum sköttum sem eru að hverfa í nágrannalöndum, eru ósanngjarnir og hindrun í frjálsum viðskiptum auk þess sem vörugjald torveldar þróun ferðamannaverslunar.

Að lokum áskilja samtökin sér að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum og lýsa sig jafnframt reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst

Stefán S. Guðjónsson, framkvæmdastjóri